



Börnum yngri en 16 ára eru ekki seldir flugeldar. Fullorðnir skulu ávallt aðstoða börn með þessa vöru.



Nauðsynlegt er að hafa stöðuga undirstöðu undir standblys og skotkökur, og athuga þarf að þau þurfa mikið rými.



Mikilvægt er að hafa nægt rými þegar valinn er skotstaður. Hæfilegt er að hafa a.m.k. 20 metra fjarlægð frá húsum.



Athugið að standa ekki nærri er flugeldar eru sprengdir. Hávaði frá þeim getur skaðað heyrnina.



Flugeldar og smádót eru ekki leikföng og ekki skal nota það í hrekki. Oft verða slæm slys af þessum völdum.



Aldrei má kveikja í flugeldum meðan haldið er á þeim. Aðeins má halda á sérmerktum handblysum.



Alls ekki má handleika flugelda eftir að kveikt hefur verið í þeim þar sem þeir geta sprungið fyrirvaralaust. Hella skal vatni yfir þá.



Börn skulu ávallt vera undir eftirliti fullorðinna í návist flugelda. Allir eiga að hafa öryggisgleraugu, einnig þeir sem horfa á.



Flest alvarlegustu slysin verða vegna fiks. Mjög hættulegt er að taka flugelda í sundur og búa til heimagerðar sprengjur.



Nauðsynlegt er að hafa trausta undirstöðu undir rakettur áður en þeim er skotið upp.



Víkja skal vel frá eftir að búið er að kveikja í flugeldunum.



Höfum dýrin í huga þegar sprengdir eru flugeldar. Halda skal þeim innandyra þar sem þau heyra sem minnst í sprengingunum. Hundar, kettir og hestar eru sérstaklega viðkæm.

★ NOTIÐ ALLTAF ÖRYGGISGLERAUGU ★

GÓÐ RÁÐ

- Geymið skotelda á öruggum stað.
- Öryggisgleraugu vernda augu og ullar- og skinnhanskar vernda hendurnar.
- Verið aldrei með flugelda í vasa.
- Áfengi og flugeldar fara ekki saman.
- Hafið sérstakar gætur á börnum.
- Hugið að heimilis- og húsdýrum.
- Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja flugeldum.
- Hallið ykkur aldrei yfir flugelda. Kveikið í með útréttri hendi.
- Vikið frá um leið og logi er kominn í kveikiþráðinn.
- Reynið aldrei að kveikja aftur í flugeldum sem áður hefur verið kveikt í. Helli vatni yfir.
- Brunasár á að kæla strax með vatni.

**GLEÐILEGT
NÝTT ÁR**

Í ÞÍNA ÞÁGU

*Flugeldasala er
mikilvægasta
fjáröflun
björgunarsveita
á Íslandi.*

*Stuðningur þinn
eflir okkar starf.*



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

www.landsbjorg.is/flugeldar

LEIÐ- BEIN- INGAR

**UM NOTKUN
FLUGELDA**



**FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA**